

Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins 2019

Könnunin var gerð í mars 2019. Svarhlutfall 74,8% eða 83 manns. Flestir svara á Hlynskógum (N=17) en fæstir á Smálöndum (N=12).

Ánægja með leikskólann. Fólk er ánægðast með líðan barnsins í leikskólanum - 98,8% eru mjög eða frekar ánægðir. Fleiri spurningar sem mynda matsþátt: Samskipti starfsfólks við barnið - 97,5 % mjög eða frekar ánægðir, samskipti starfsfólks við mig – 95% mjög eða frekar ánægðir, dagleg viðfangsefni barnsins – 97,5% mjög eða frekar ánægðir, húsnæði og aðstaða – 95,1% mjög eða frekar ánægðir, starfshættir sem notaðir eru – 98,8% mjög eða frekar ánægðir.

Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi. 93,7% eru mjög eða frekar sammála um að leikskólastjóri leggi sig fram um að vera sýnilegur í daglegu starfi. 71,2% eru mjög eða frekar sammála um að aðstoðarleikskólastjóri leggi sig fram um að vera sýnilegur í daglegu starfi.

Ánægja barnsins í leikskólanum. 100% eru mjög eða frekar sammála eftirfarandi fullyrðingum: *Barninu mínu líkar almennt vel í samverustundum, Barninu mínu líkar almennt vel í frjálsum leik og Barninu mínu líkar almennt vel í hópastarfi.* 93,4% voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *Barninu mínu líkar almennt vel í útivist.*

Hæfilegur fjöldi barna á deild. 89,2% telja hæfilega mörg börn á deild barnsins og 10,8% telja of mörg börn á deildinni.

Sérþarfir í mataræði. 15,4% segja að barnið sitt sé með sérþarfir í mataræði, 84,6% eru ekki með sérþarfir í mataræði.

Hollt mataræði. 85,9% eru mjög eða frekar sammála um að barnið fái hollan og góðan mat í leikskólanum. 12,8% eru frekar ósammála og 1,2% er mjög ósammála.

Námsumhverfi- vinnubrögð. 100% eru mjög eða frekar sammála um að barnið fái þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið. 95,3% eru mjög eða frekar sammála um að barnið fái stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa. 100% eru mjög eða frekar sammála um að barnið sé hvatt til sjálfstæðis. 83,1% eru mjög eða frekar sammála því að á deildinni séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna. 93,7% eru mjög eða frekar sammála um að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt. 97,4% eru mjög eða frekar sammála um að barninu sínu sé mætt á sanngjarnan hátt.

Námsumhverfi- aðstaða. 95,4% eru mjög eða frekar sammála um að námsumhverfið taki mið af áhuga og reynslu barnsins. 97,1% eru mjög eða frekar sammála um að barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum. 100% þátttakenda eru mjög eða frekar sammála um að námsumhverfi barnsins síns sé öruggt. 100% eru mjög eða frekar sammála um að barnið hafi næg tækifæri til að leika sér og 94,1% eru mjög eða frekar sammála um að námsumhverfi barnsins hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna.

Námsumhverfi- félagsleg samskipti. 100% eru mjög eða frekar sammála um að barnið lærir að bera virðingu fyrir sér og öðrum. 97,1% eru mjög eða frekar sammála um að barnið fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum. 100% þátttakenda eru mjög eða frekar

sammála um að barnið fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína. 100% eru mjög eða frekar sammála um að barnið eigi vini í leikskólanum. 97,4% eru mjög eða frekar sammála um að barnið lærir tillitsemi við aðra.

Námsumhverfi- þátttaka án aðgreiningar. 96,1% þátttakenda eru mjög eða frekar sammála um að þeir fái tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara barnsins síns. 74,1% eru mjög eða frekar sammála um að vera vel upplýst um viðfangsefni sem unnið er á deildinni. 98,7% eru mjög eða frekar sammála um að vera látin vita af fundum og sérstöku viðburðum. 100% eru mjög eða frekar sammála um að deildarstjóri/leikskólakennari hlusti á skoðanir þeirra varðandi nám og þroska barnsins. 76,9% eru mjög eða frekar sammála um að þau fái að heyra þegar barninu gengur vel. 97,4% eru mjög eða frekar sammála um að leikskólakennarar/starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst þegar þau ræða við viðkomandi um barnið.

Samskipti við foreldra- Þekking á stefnu og námskrá. 22,8% þátttakenda telja sig vel upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans, 46,8% telja sig töluvert upplýsta, 27% lítið og 2,5% ekki upplýsta.

Samskipti við foreldra- tengsl við starfsfólk leikskólans. 93,5% telja sig mjög eða frekar sammála því að tengsl sín við þá sem vinna á deild barnsins séu góð.

Samskipti við foreldra- hvatning til þátttöku. 63,2% eru mjög eða frekar sammála um að þau séu hvött til að taka þátt í leikskólastarfinu. 26,5% eru frekar ósammála, 10,3% mjög ósammála.

Samskipti við foreldra- tímasetning viðburða. 82,9% eru mjög eða frekar sammála um að atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að viðkomandi geti sótt þá.

Samskipti við foreldra- heimasíða leikskóla. 93,7% eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingar á heimasíðu/facebook síðu leikskólans séu gagnlegar.

Upphaf og lok leikskólagöngu- leikskólabyrjun. Afstaða til eftirfarandi fullyrðinga:

Sérstakur leikskólakennari/lykilaðili var til staðar fyrir barnið og foreldrana í

aðlögunarferlinu: Já- 85% Nei- 15%

Tímabilið sem barnið dvaldi eitt í leikskólanum lengdist dag frá degi: Já- 87,5% Nei- 12,5%.

Barn og foreldrar kynntust leikskólastarfinu saman og foreldrar tóku þátt í því:

Já- 73,9% Nei- 26,1%

Ég fékk nægilegar upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímanum:

Já- 95,2% Nei- 4,8%

Ég fékk næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið til leikskólakennara í aðlöguninni:

Já- 91,7% Nei- 8,3%

Ég er ánægð(ur) með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins: Já- 95,7% Nei-4,3%.

Upphaf og lok leikskólagöngu- flutningur milli skólastiga. 95,5% eru mjög sammála eða sammála um að í leikskólanum er lögð áhersla á samstarf við grunnskólastigið. 63,2% eru mjög sammála eða sammála um að viðkomandi fái að vera virkur þátttakandi í undirbúningi að flutningi milli skólastiga. 95,6% eru mjög sammála eða sammála um að barnið fái að

kynnast starfi grunnskólans á lokaárinu í leikskóla.

Upphaf og lok leikskólagöngu- flutningur milli deilda. 85% eru mjög eða frekar sammála um að vera sátt við aðkomu sína að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum.

Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta- hlutfall sérkennslu og stuðnings. Spurt er: Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu? Já- 11,7% Nei- 85,7%

Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta- hlutfall sérfræðiþjónustu. Spurt er: Hefur þú óskað eftir sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjubjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári? Já og fengið slíka þjónustu- 10,4%, Já en ekki fengið þjónustu/er á biðlista- 11,7%, Nei- 77,9%.

Þátttakendur eru beðnir að lýsa hvað þeim þykir gott við leikskólann. Mest nefnt: Andinn góður og jákvæður, barninu líður vel og er ánægt, gott og hlýlegt starfsfólk,

Þátttakendur eru beðnir að lýsa hvað þeim þykir slæmt eða betur mætti fara í leikskólanum. Fólk talar þarna áberandi mikið um að upplýsingaflæði mætti vera betra. Betra upplýsingaflæði = meira traust, öryggi og minni óvissa. Með betra upplýsingaflæði á fólk við skilaboð í lok dags, að langt líði milli foreldraviðtala, færri tækifæri til að tala við starfsmann um barnið, upplýsingar um hvernig dagurinn var (hefur minnkað eftir að myndum fækkaði á facebook- nota töflurnar!), betra upplýsingaflæði ef eitthvað kemur upp á, upplýsingar við flutning barna milli deilda, starfsmannaskipti og viðbrögð við veikindaleyfum t.d. deildarstjóra, hvert á að leita ef deildarstjóri er ekki. Eins var nokkrum sinnum nefnt að skorti samræmdar reglur við að taka á hegðun barna og tilfinningastjórnun, umgengni úti og inni var nefnd, vöntun á skipulagðri hreyfingu, ávaxtastundir, bæta skiptiaðstöðu og fleira.

Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara? Sumir nefna að þeir mættu fylgjast betur með daglegu starfi leikskólans, vita lítið. Aftur minnst á skipulagða hreyfingu, upplýsingaflæði og skiptiaðstöðu.

Ef þú hugsar um menntun, samskipti og starfshætti í leikskólum, er eitthvað sem betur má fara? Aftur er upplýsingaflæði tíðnefnt sem og viðbrögð við hegðun barna.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi það hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum barnsins í tengslum við mat? Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara? Samskipti heimilis og skóla sérlega góð, Höfum fengið góða þjónsutu, í fyrstu upplýsingaleyfi innanhúss um hvað barnið má borða en brugðist vel við og allt gengið vel síðan.

Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

Íþróttaaðstaða, þrífalegri skólalóð, meiri vinnu með opinn efnivið til að efla hugmyndaflug og sköpun. Sumir telja sig ekki þekkja námsumhverfið það vel til að taka afstöðu.

Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sem má betur fara? Of lítið upplýsingaflæði sérstaklega um daglegt starf og líðan barns í leikskólanum.

Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sem má betur fara? Að einhver sérstakur aðili taki alltaf á móti barninu fyrst um sinn. Hinir sem tjáðu sig voru ánægðir.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara? Allt í besta lagi, aðkoma sérkennara lítil, fengum mjög góða hjálp hjá sálfræðingi og gott námskeið sem við sóttum.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérkennslu eða sérstaka stuðning sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara? Allt saman í besta lagi. Mjög ánægð með hvernig unnið var með barninu mínu.